

1601218 Opnunartími sundlauga

Svör við spurningum sem Gunnar Axel Axelsson bæjarfulltrúi lagði fram á bæjarstjórnarfundi 25. apríl s.l.

"Hvers vegna segir í greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 að festa eigi í sessi lengdan opnunartíma sundlauga að sumri ef í reynd á að bjóða uppá opnunartíma sumarið 2018 sem er umtalsvert minni en árið 2017?"

Heildaropnunartími á viku í almenningssundlaugunum þremur í Hafnarfirði verður 263,5 klst. tímar á viku í maí 2018 mv. 255,5 kl.st á viku í maí 2017. Sumarið 2017 var prófað um tveggja mánuða skeið að auka við opnun á virkum dögum í Suðurbæjarlaug, jafnframt sem aukin var opnun á sunnudagskvöldum í sömu laug. Sumarið 2018 verður líkt og s.l. sumar sérstök opnun á sunnudagskvöldum í Suðurbæjarlaug í júní og júlí.

"Hvers vegna hefur bæjarráð ekki verið upplýst um þær skerðingar á starfskjörum starfsmanna sundlauga sem fyrirhugaðar breytingar á opnunartíma hafa haft í för með sér?"

Breytingar á opnun sundlauganna eiga ekki að leiða af sér skert kjör starfsmanna. Það er rétt að vaktaálagsgreiðslu lækka þar sem tímum í 55% álagi fækkar en tímum í 33% álagi fjölgar. Hins vegar mun fjölgun starfsmannafunda sem hefur áhrif á aukningu yfirvinnuvinnugreiðslna gera að verkum að heildarlaun starfsmanna lækka ekki. Í tilfelli sex starfsmanna minnkar vinnuskylda um eina vakt á hverjum fjórum vikum og þar af leiðandi lækka laun sem því nemur en þessum starfsmönnum býðst að vinna þessa tilteknu vakt í yfirvinnu og ef starfsmennirnir kjósa svo lækka laun þeirra ekki. Eftir breytingarnar er vinnufyrirkomulag og laun starfsmanna sambærileg milli Suðurbæjarlaugar og Ásvallalaugar.

Geir Bjarnason

30. apríl 2018